

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá vatnsveitu í Fjallabyggð nr. 35/2015.

#### 1. gr.

Á eftir 7. gr. gjaldskrárinnar kemur ný grein sem verður 8. gr. svohljóðandi og breytast númer greina til samræmis við það:

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna í þjónustumiðstöð Fjallabyggðar er sem hér segir:

<i>Starfsmaður</i>	<i>Verð pr./klst.</i>
Verkstjóri	kr. 4.400 + vsk.
Vélamaður	kr. 4.200 + vsk.
Iðnaðarmaður	kr. 4.200 + vsk.
Verkamaður	kr. 3.800 + vsk.

#### 2. gr.

12. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

#### *Uppfærsla.*

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni, þó ekki 5. gr. (vatnsgjald) og 6. gr. (notkunargjald), miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2010, janúar 2014 (119 stig) sem uppreiknast í janúar ár hvert miðað við gildandi byggingarvísitölu.

#### 3. gr.

#### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi.

*Fjallabyggð, 4. mars 2015.*

**Gunnar I. Birgisson** bæjarstjóri.

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015